

Ed.

301. Breytingartillögur

[13. mál]

við frv. til laga um aðstoð við togaraútgerðina.

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

1. Við 2. gr.
 - a. Á eftir 1. málsg. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Auk þess skal renna í sjóðinn dýrtíðarsjóðsgjald af bifreiðum samkv. lögum nr. 112 28. des. 1950, innheimt árin 1954, 1955 og 1956.
 - b. Fyrir orðin „Eigi má greiða hverjum einstökum togara meira fé úr sjóðnum en nemur kr. 2000.00 fyrir hvern dag“ komi: Greiða skal hverjum einstökum togara kr. 3000.00 fyrir hvern dag.
2. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Árið 1955 skulu eftirfarandi ákvæði gilda til stuðnings útgerðinni:

 - a. Verð á brennsluolíu (fuel-olíu) skal lækka um kr. 50.00 hvert tonn frá því verði, sem í gildi var 1. des. 1954.
 - b. Vextir af afurðalánnum sjávarútvegsins skulu eigi vera hærri en 2½%.
 - c. Flutningsgjöld íslenskra skipa á framleiðsluvörum sjávarútvegsins skulu lækka um 20% frá því, sem var árið 1954.
3. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að lækka söluverð nýjustu togaranna með hliðsjón af því, að ekki hefur tekizt að nota fiskimjölsvélar þeirra.
4. 8. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin setur reglur um framkvæmd laga þessara. Skal í þeim reglum ákveðið, hveurrar tegundar bifreiðar skuli gjaldskyldar. Ákveða má mismunandi gjald af leyfum fyrir ýmsum tegundum bifreiða innan þeirra marka, er greinir í 1. gr., og einnig að bifreiðar til ákveðinna nota séu gjaldfrjálssar.

Innflutningur skal vera frjálss á þeim bifreiðum, sem innflutningsgjald ber að greiða af samkvæmt lögum þessum.